

Bráðabirgðalög

Nr. 84
13. desbr.

um

ráðstafanir á gullforða Íslandsbanka og um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna útflutning á gulli.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Ráðherrann í atvinnu- og samgöngumálum hefir tjáð Oss, að vegna sívaxandi gengismunar á peningum sje hætta á því, að gull verði flutt úr landinu til útlanda og að gullforði sá, sem til er í landinu og aðallega er í vörslum Íslandsbanka, verði allmikið skertur við það. Teljum Vjer því brýna nauðsyn að leysa Íslandsbanka með bráðabirgðalögum, samkvæmt 6. gr. stjórnarskipunarlags 19. júní 1915, undan þeirri skyldu að greiða handhafa seðla bankans með gullmynt og ennfremur teljum Vjer brýna nauðsyn til að heimila ríkisstjórninni að banna flutning á myntuðu eða ómyntuðu gulli úr landinn, Því bjóðum Vjer og skipum þannig:

1. gr.

Íslandsbanki skal, með samþykki bankastjórnarinnar, leystur undan þeirri skyldu að greiða handhafa seðla bankans með gullmynt, samkvæmt löguum nr. 66, 10 nóvember 1905, 4. gr, gegn því að hann afhendi ríkisstjórninni allan málmforða sinn, sbr. sömu lög, 5. gr. a og b, til ráðstöfunar, enda taki ríkisstjórnin fyrir rikissjóðs hönd jafnframt að sjer ábyrgð á greiðslu jafnmikillar upphæðar af seðlum bankans, sem málmforðanum nemur.

Um leið og ráðstöfuninni um óinnleysanleik seðlanna verður af ljett, afhendir ríkisstjórnin bankanum aftur gullforðann.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að leggja bann, að einhverju leyti eða öllu, við útflutning úr landinu á myntuðu eða ómyntuðu gulli, svo og að ákveða refsingar fyrir brot gegn hjer að lútandi ákvörðunum.

Nr. 84

3. gr.

13. desbr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og má með konunglegri tilskipun fella þau úr gildi, þegar ekki þykir lengur þörf fyrir ákvæði þeirra.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða

Gefið á Amalíuborg, 13. desember 1919.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli

Christian R

(L S)

Sigurður Jónsson.